



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 2/2013

### Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Arctica Finance hf.
2. Neytendastofu
3. Samtökum Fjármálafyrirtækja

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 2/2013 varð að reglum nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Arctica Finance hf.	Almenn umsögn	Mikilvægt er að gæta að því að ekki verði um mótsagnir að ræða í orðalagi reglna þessarra og annarra reglna er FME hefur þegar sett á grundvelli annarra laga og reglugerða.
2	Arctica Finance hf.	1.mgr. 1. gr.	Í málsgrein þessari er talað um betri rétt neytenda samkvæmt ... "reglum sem settar eru á grundvelli framangreindra laga svo og ákvörðunum Neytendastofu." Mikilvægt er að heildareftirlit með fjármálafyrirtækjum sé á einum stað, Fjármálaeftirlitinu, til að samræmi sé náð og heildaryfirsýn með geiranum. Fara þarf varlega í að kveða á um aðkomu annarra aðila að eftirliti með starfsemi fjármálamarkaðarins, er leitt gæti til ójafnvægis í framkvæmd eftirlits.
3	Arctica Finance hf.	1. mgr. 3 gr.	Niðurlag málsgreinar þessarar stingur í stúf, einkum þar sem það er sett fram í reglum. Kæmist FME að þeirri skoðun að fjármálafyrirtæki væri ekki að starfa í samræmi við "eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði", þá væri viðkomandi fjármálafyrirtæki einmitt að brjóta lög, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Ella verður fjármálafyrirtækið ekki krafð um úrbætur.
4	Arctica Finance hf.	3. tl. 2.mgr. 3. gr.	Vísað er í "tilkynningar" FME, sem ekki er með öllu ljóst hvað átt er við.
5	Arctica Finance hf.	1.mgr 5.gr	Hér er kveðið á um að fjármálafyrirtæki þurfi að hafa yfir að ráða og nýta "aðferðir", sem er óljóst hugtak í samhenginu
6	Arctica Finance hf.	2. mgr. 5.gr.	Hér væri réttast að vísa til reglna og/eða viðmiða sem önnur lög, reglugerðir, reglur FME eða leiðbeinandi tilmæli FME kveða á um. Ella er þetta afar vítt orðalag er næði ekki markmiði sínu.
7	Arctica Finance hf.	4.mgr. 5.gr.	Orðalagið í málsgrein þessari þar sem kveðið er á um að fjármálafyrirtæki skuli "koma í veg fyrir" hagsmunaárekstra, gengur alltof langt. Fjármálafyrirtæki geta eðli máls samkvæmt ekki komið í veg fyrir alla hagsmunaárekstra. Af þeim sökum ber öllum fjármálafyrirtækjum að setja sér stefnu varðandi hagsmunaárekstra, sbr. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, en í slíkri stefnu ber m.a. að "tiltaka aðferðir, sem fylgja skal, og ráðstafanir, sem beita skal, í því skyni að hafa stjórn á slíkum árekstrum." Er þetta orðalag til muna skýrara og betra og lýsir betur í raun hvernig tekið er á málum. Markmiðið er alltaf að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og fjármálafyrirtæki grípa til ýmissa ráðstafana vegna þess, en geta, eðlilega, ekki komið í veg fyrir alla hagsmunaárekstra.
8	Arctica Finance hf.	1. tl. 9. gr.	Í tölulið þessum segir m.a. að fjármálafyrirtækjum beri að starfa með hagsmuni "viðskiptamanna" að leiðarljósi. Ekki eru taldir upp aðrir hagsmunir, t.d. félagsins, hluthafa og kröfuhafa. Það að telja þá ekki getur valdið misskilningi. Eins er hættu á oftúlkun, sbr. væru það klárlega hagsmunir viðskiptamanna að

			þurfa aldrei að borga þóknanir, en slíkt gengi gegn hagsmunum allra annarra hagsmunaaðila
9	Arctica Finance hf.	4.tl. 9.gr.	Mikilvægt er að skyldur fjármálafyrirtækja samkvæmt þessum tölulið feli ekki í sér auknar og óljósar skyldur, umfram þær sem þegar eru tilgreindar í ákvæðum laga og reglugerða, t.d. reglugerðar nr. 995/2007. Orðalagið eins og það stendur nú er afar opið.
10	Arctica Finance hf.	7. tl. 9.gr.	Hér vísast til umsagnar að framan um 4. mgr. 5. gr. Það að fjármálafyrirtækjum sé skylt að " tryggja að ... komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra" gengur alltof langt
11	Arctica Finance hf.	8 tl. 9. gr.	Óljóst er hvað er átt við með, í niðurlagi töluliðar þessa, "almennri fjármálaþjónustu". Felur orðalagið eins og það er nú í sér að minni fjármálafyrirtækjum ber að taka á sig auknar skyldur en hingað til hefur verið talið?
12	Arctica Finance hf.	1.mgr. 10. gr.	Innsláttarvilla
<b>Nr.</b>	<b>Nafn umsagnaraðila</b>	<b>Tilvísun</b>	<b>Umsögn</b>
14	Samtök fjármálafyrirtækja	2.mgr 1.gr	Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. er reglunum ætlað að gilda um viðskiptahætti í innri og ytri starfsemi fjármálafyrirtækja. Þegar litið er til dönsku reglnanna afmarkast gildissvið reglnanna við viðskiptahætti fyrirtækis gagnvart viðskiptavinum fjármálafyrirtækja, hvort heldur einstaklinga eða lögaðila, svo fremi sem viðskipti lögaðila séu ekki verulega ólík viðskiptum einstaklinga. Sum ákvæði dönsku reglnanna gilda þó einungis um viðskipti við einstaklinga og önnur einungis um viðskipti við lögaðila. Það er mat SFF að heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir eigi fyrst og fremst við um þá starfsemi fjármálafyrirtækja sem snýr að viðskiptamönnum þess, en ekki innri starfsemi fjármálafyrirtækja, og leggja til að horft verði til dönsku reglnanna varðandi skilgreiningu á gildissviði reglnanna.
15	Samtök fjármálafyrirtækja	1.mgr. 3 .gr.	Í 3. gr. koma fram þau atriði sem FME mun líta til við mat á eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum. Að mati SFF eru sú upptalning sem þar kemur fram mjög opin og svarar í raun fáum spurningum um hvað það er sem lagt verður til grundvallar við mat á því hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir. Ekki er ljóst hvað felst í „viðmiðum“ fjármálafyrirtækis skv. 4. tl. Sem og „öðrum viðmiðum sem eiga við um starfsemina“ skv. 5. tl. SFF telja óæskilegt að taka slíkar reglur með inn í mat á heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum og nota þar af leiðandi slíkar innri reglur fjármálafyrirtækja sem refsheimild. Slíkt getur haft þær óæskilegu afleiðingar að fyrirtæki forðist að setja sér ítarlegar og metnaðarfullar innri reglur. Auk þess getur verið mjög misjafnt á milli fyrirtækja hvað felst í þeirra innri reglum og siðareglum og því ekki æskilegt að nota slíkar reglur sem viðmið þegar FME kemur til með að meta hvort farið sé eftir eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum. Þá er tilvísun í 8. tl. til annarra atriða en talin eru upp í 1-7. tl. mjög opin og með öllu óljóst hvaða tilvik

			<p>geti átt þar undir.</p> <p>SFF benda á að í 2. hluta dönsku reglnanna er að finna almenn ákvæði um hvað teljist vera eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir, auk þess sem í viðauka við reglurnar má finna ítarlega upptalningu á því hvað teljist óheiðarlegir viðskiptahættir.</p>
16	Samtök fjármálafyrirtækja	1.mgr. 5.gr	<p>Í 5. gr. er fjallað um atriði eins og lykilkætti starfseminnar og óhæði við meðferð mála. Ákvæðið gefur hins vegar engar vísbendingar um hvað teljist til lykilkættu starfseminnar og hvernig eigi að meta óhæði.</p>
17	Samtök fjármálafyrirtækja	2.mgr. 5.gr.	<p>Þá er bent á að samkvæmt 2. mgr. 5. gr. ber fjármálafyrirtæki að setja innri reglur og/eða viðmið um lykilkætti starfseminnar. Hér er óljóst við hvað er átt. Er hér um að ræða nýjar reglur sem fjármálafyrirtækjum ber að setja eða er verið að vísa í reglur sem nú þegar er skylt að setja ? SFF vísa til umfjöllunar um 3. gr. þar sem fjallað er um gildissvið reglnanna sem í dönsku reglunum fjallar eingöngu um ytri starfsemi fjármálafyrirtækja. Sé það hins vegar vilji FME að innri starfsemi fjármálafyrirtækja falli einnig undir reglurnar er lagt til að þegar fjallað er um innri reglur fjármálafyrirtækja verði þær takmarkaðar við lögboðnar innri reglur fjármálafyrirtækja sem snúa að viðskiptavinum.</p>
18	Samtök fjármálafyrirtækja	9. gr.	<p>Í 9. gr. reglnanna er að finna upptalningu á því hvað fjármálafyrirtæki skulu tryggja í samskiptum við viðskiptamenn sína. Um er að ræða mjög matskennd atriði. Má þar m.a. nefna 2. tl. þar sem segir að fjármálafyrirtæki skuli tryggja allar viðeigandi upplýsingar um vörur og þjónustu. Enga útskýringu er hins vegar að finna á hvað eru viðeigandi upplýsingar. Þá kemur fram í 2. tl. að upplýsingar skuli veittar á „skýran“ og „skilmerkilegan“ hátt. Engar leiðbeiningar er að finna í reglunum um hvað telst skýrt og hvað telst skilmerkilegt. Samkvæmt 4. tl. skal afla nauðsynlegra og nægjanlegra upplýsinga um viðskiptasambandið án þess að fram komi hvað teljist til nauðsynlegra og nægjanlegra upplýsinga. Í 8. tl. segir að stefnur, verklag og framkvæmd starfa fjármálafyrirtækis takmarki ekki eða komi með óeðlilegum hætti í veg fyrir aðgengi almennings að banka þjónustu. Engar leiðbeiningar eru um hvað telst óeðlilegt í þessu sambandi.</p> <p>Í reglunum er yfirleitt engar leiðbeiningar að finna um hvað teljist óeðlilegir viðskiptahættir og hvað ekki. Allir geta verið sammála um það að ekki má aðhafast neitt með óeðlilegum hætti en það hlýtur að vera tilgangur og markmið reglnanna og skýra hvað telst óeðlilegt og hvað ekki. Eins fyrr hefur komið fram er í viðauka dönsku reglnanna að finna upptalningu á atriðum sem í öllu tilvikum verða talin til óheilbrigðra og óeðlilegra viðskiptahátta og telja SFF mikilvægt að sambærileg upptalning verði í íslensku reglunum.</p> <p>Það er mat SFF að nánar þurfi að skýra þau atriði sem hafa verið talin upp hér að framan, en jafnframt að ekki er um tæmandi lista að ræða. Sem dæmi um atriði sem þarf að skýra betur má nefna hvaða upplýsingar er skylt að hafa til staðar fyrir viðskiptavin varðandi vörur og þjónustu. Má í því samhengi skoða 5. gr. í hluta 2 í dönsku reglunum þar sem er að finna upptalningu í 6. liðum á því hvaða upplýsingar skulu vera til staðar fyrir viðskiptavinum um vörur og þjónustu.</p>

			<p>5.-(1) In an invitation to make a purchase directed towards private customers a financial undertaking shall give the following information, unless this is already clear from the context:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1) The main characteristics of the product.</li> <li>2) The name and address of the financial undertaking.</li> <li>3) Matters relating to payment and performance of the contract to the extent that these matters deviate from the normal practice of the sector.</li> <li>4) The procedures of the financial undertaking with regard to complaints to the extent that these matters deviate from the normal practice of the sector.</li> <li>5) Right to annul the agreement, if the customer has such a right.</li> <li>6) The price including taxes.</li> </ol> <p>Annað dæmi um það sem skýrar þarf að taka fram varðar hvað teljast nauðsynlegar og nægjanlegar upplýsingar um viðskiptavin. Samkvæmt 8. gr. í 3. hluta í dönsku reglunum þar sem fjallað er um ráðgjöf skal fjármálafyrirtæki afla nauðsynlegra og nægjanlegra upplýsinga um viðskiptavin. Samkvæmt ákvæðinu teljast nauðsynlegar upplýsingar vera upplýsingar um fjárhagsstöðu, reynslu viðkomandi á viðkomandi sviði fjármálaþjónustu, markmið með þjónustunni og áhættumat. Þetta þarf að útskýra betur í íslensku reglunum.</p> <p>Það eru hagsmunir bæði fjármálafyrirtækja og viðskiptavina þeirra að starfað sé samkvæmt heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum. Það er hins vegar nauðsynlegt að ef setja á reglur um hvað teljist heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir þá sé skýrt hvað FME telji heilbrigða og eðlega viðskiptahætti og hvað teljist í öllum tilvikum óheilbrigðir og óeðlilegir viðskiptahættir.</p> <p>Samkvæmt öllu framangreindu leggja SFF til að FME endurskoði fyrirbyggjandi drög með hliðsjón af reglum danska fjármálaeftirlitsins um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti sem fylgja í viðauka við þessa umsögn. SFF eru hvenær sem er reiðubúin að mæta til fundar með FME til að ræða frekar framangreindar athugasemdir.</p>
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
19	Neytendastofa	Almenn umsögn	<p>Neytendastofa vísar til umsagnarbeiðni FME, dags. 20. febrúar 2013. Meðfylgjandi er eyðublað sem henni fylgdi útfyllt af Neytendastofu. Eyðublaðið hefur einnig verið sent með rafrænum hætti.</p> <p>Neytendastofa vill sérstaklega taka fram að það er álit stofnunarinnar að drög sem FME hefur samið séu í andstöðu vil gildandi lög og reglur hér á landi svo og reglur sem settar hafa verið á EES svæðinu og varða samspil laga um óréttmæta viðskiptahætti, neytendalán o.fl. Af reglum Fjármálaeftirlitsins má ætla að eftirlit og framkvæmd með reglunum eigi að ganga framár lögbundnu eftirlit Neytendastofu. Slíkt telur</p>

			<p>Neytendastofa ekki lögmætt og einnig villandi gagnvart fjármálafyrirtækjum og viðskiptamönnum þeirra.</p> <p>Neytendastofa ítrekar þær athugasemdir sem sendar voru Fjármálaeftirlitinu með tölvubréfi þann 28. janúar s.l. í kjölfar fundar sem haldinn var um regludrögin. Jafnframt vill stofnunin benda eftirlitinu á að kynna sér tilhögun á eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum á hinum Norðurlöndunum, t.d. í Svíþjóð, og hvernig fjármálaeftirlit á Norðurlöndum virða lögbundin valdmörk að þessu leyti .</p>
--	--	--	--